

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/57
komudagur 17.11.2005



17. nóvember 2005

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um
þingsályktunartillögur

Fjoltækniskóli Íslands hefur með bréfi dagsettu 28/010/05 fengið til umsagnar tvær tillögur til þingsályktunar 14 og 15. mál á 132. löggjafarþingi 2005-2006.

Fjoltækniskóli Íslands fagnar allri umræðu um hverskonar starfsnám og telur að auka þurfi virðingu fyrir starfsnámi í íslensku samfélagi.

Fjoltækniskóli Íslands, skóli tækni - véla- siglinga-útvegs er nýr skóli byggður á gömlum grunni og hefur markað þá stefnu að byggja upp öflugt starfsnám. Eins og nafn skólans gefur til kynna þá hefur skólinn sett sér það markmið að tryggja í sessi fjoltækninám.

Fjoltækniskóli Íslands hefur í góðri samvinnu við ráðuneyti menntamála hafið undirbúning fjoltæknináms og er að vinna að þróun þess á sambærilegum grundvelli og fram kemur í ofangreindri tillögu til þingsályktunar. Fjoltækniskóli Íslands er að þróa nám eftir framhaldsskóla sem byggir á framangreindu.

FTÍ styður alla umræðu um starfsnám en telur ekki ástæðu til þess að gera efnislegar athugasemdir við framangreindar tillögur til þingsályktunar.

Virðingarfyllst

Jón B. Stefánsson
Skólameistari
Fjoltækniskóli Íslands